

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 262/2024

2025/EES/25/11

frá 6. desember 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/908 frá 17. janúar 2024 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 að því er varðar fjölda og heiti fastra sérfræðinganefnda á vegum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um föður og matvæli. Ákvæði löggjafar um föður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 13. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002) í hluta 7.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 0908:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/908 frá 17. janúar 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/908, 20.3.2024).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 0908:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/908 frá 17. janúar 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/908, 20.3.2024).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/908, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/908, 20.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/908/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður